HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

Tónleikar í Austurbæjarbíói

Laugardaginn 1. maí kl. 2 e.h. mun Tónmenntaskóli Reykjavíkur halda tónleika í Austurbæjarbíói.

Á þessum tónleikum koma einkum fram yngri nemendur skólans með einleik og samspilsatriði á ýmis hljóðfæri. Auk þess verður hópatriði úr forskóladeild. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



Yngri nemendur Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Jói á hakanum

Hljómsveitirnar „Jói á hakanum" og „Ólafur ósýnilegi" munu halda tónleika nk. laugardagskvöld, 1. maí, í Djúpinu.

Kjarvalsstaðir:

Gísli Sigurðsson — Myndir úr ljóðheimi

Eins og heitið á sýningunni ber með sér, sækir Gísli Sigurðsson föng sín í ljóð og kemur víða við, enda eru samtals 60 verk á sýningunni. Þetta eru allt olíumálverk á dúk, máluð síðastliðin þrjú ár, og flest sín föng sækir Gísli í ljóð nútímaskálda. Þetta er í fyrsta sinn, sem heil sýning af þessu tagi er sett saman og sýningargestum til fróðleiks lætur Gísli fylgja með í sýningarskránni öll 60 ljóðin. Þarna eru myndir við alkunn ljóð, svo sem við Vatnsmýrina eftir Tómas Guðmundsson, Söknuð eftir Jóhann Jónsson, Tímann og vatnið eftir Stein Steinarr. Myndin sem hér fylgir með er af einni stærstu myndanna á sýningunni. Hana hefur Gísli málað við ljóð Kristjáns frá Djúpalæk, sem heitir Martröð og lýsir draumi Guðrúnar á Bægisá, þegar hana dreymir fyrir því, að djákninn kemur á Faxa sínum og nemur hana á brott. Sýningin verður opin fram til 10. maí.




Með Útivist í fuglaskoðunarferð á Garðskaga

Tvær dagsferðir eru á dagskrá ferðafélagsins Útivistar um helgina. Laugardaginn 1. maí verður farin 4. kynningarferð á Reykjanesfólkvang. Verður ekið á Höskuldarvelli og gengið þaðan um Lambafell og Hrútagjá. Í Lambafelli er mikil misgengissprunga, sem gengið er í gegnum. Brottför er klukkan 13. Sunnudaginn 2. maí er fuglaskoðunarferð og strandganga og er brottför einnig kl. 13. Farið verður að gamla Garðskagavitanum og einnig um ströndina að Sandgerði og þaðan í átt að Hvalsnesi eins og tíminn leyfir. Gott er að hafa með sér sjónauka. Farastjóri verður Árni Waag. Brottför verður frá BSÍ, bensínsölu, í hvora tveggja ferðina. Rétt er að vekja athygli á að sunnudaginn 9. maí verður sérstakur útivistardagur fjöskyldunnar. Verða þá farnar 2 ferðir kl. 10.30 og kl. 13.

Málverkasýning í Eden

Þorlákur R. Haldorsen heldur málverkasýningu í Eden, Hveragerði, dagana 29. apríl til 10. maí. Synir hann 45 verk, olíumálverk, pastel og olíukrítarmyndir. Myndirnar eru m.a. frá Reykjavíkurhöfn,



Þingvöllum, Eyrarbakka, Stokkseyri og fleiri nálægum stöðum. Þetta er 24. einkasýning Þorláks en hann stundaði teikninám hjá Eggerti Guðmundssyni listmálara og var við nám í Statens Kunstakademi í Osló.

Vorfagnaður

Átthagasamband Héraðsmanna heldur vorfagnað í félagsheimili starfsmanna Rafveitunnar við Elliðaár laugardaginn 1. maí. Húsið opnar kl. 20.30. Eysteinn Jónsson fyrrv. Ráðherra flytur ávarp, upplestur og söngur við undirleik Machiko Sakurai. Hljómsveitin Slagbrandur leikur fyrir dansi.

Sýning á verkum Brynjólfs Þórðarsonar framlengd

Vegna ágætrar aðsóknar að yfirlitssýningu á verkum Brynjólfs Þórðarsonar í Listasafni Íslands, hefur verið ákveðið að framlengja sýninguna um eina viku, og mun henni því ljúka sunnudaginn 9. maí.

Sýningin verður opin þá viku á venjulegum sýningartíma safnsins, þriðjudag, fimmtudag, laugardag og sunnudag kl. 13.30—16.

Leiðrétting

Í síðasta þætti var birt frétt frá Samtökunum '78 og þau nefnd „Félag kynvillinga á Íslandi". Guðni Baldursson, formaður Samtaka '78, hefur óskað eftir leiðréttingu á þessu og segir að félagsskapurinn heiti „Samtökin '78 — félag lesbía og homma á Íslandi" og ekkert annað. Er þessu þar með komið á framfæri.

Tónleikar í Grindavík

Skólahljómsveit Grindavíkur heldur sína árlegu vortónleika laugardaginn 1. maí kl. 2 í félagsheimilinu Festi.

Hljómsveitina skipa 30 nemendur í yngri og eldri deild og leikur Karl Jóhannesson einleik með eldri nemendum.

Eftir tónleikana verða kaffiveitingar frá 3—5 og eru tónleikagestir og aðrir velkomnir meðan húsrúm leyfir og kaffi til á könnunni.

Rokkað á Eyrinni

Tónleikar verða haldnir í Alþýðuhúsinu á Ísafirði í kvöld kl. 21.00. Þar kemur fram ísfirska hljómsveitin „Allsherjarfrík" og mun hún eingöngu flytja frumsamið efni. Að auki munu væntanlega spila tvær til þrjár hljómsveitir aðrar, skipaðar Ísfirðingum.

Sýning í Nýja Galleríinu

Guðlaugur Ásgeirsson opnar myndlistasýningu í Nýja Galleríinu við Laugaveg 12. 26 verk eru á sýningunni, teikningar og grafík. Þetta er fyrsta einkasýning Guðlaugs en hún er opin frá 30. apríl til 10. maí frá 14.00 til 22.00 daglega.

Matthea Jónsdóttir í Ásmundarsal

Nú á sunnudaginn 2. maí lykur sýningu Mattheu Jónsdóttur í Ásmundarsal við Freyjugötu. Hún sýnir þar 23 olíumálverk í aðalsal og 28 vatnslitamyndir í baksal. Þetta er sjöunda einkasýning Mattheu en hún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín á alþjóðlegum sýningum m.a. í Frakklandi og Belgíu. Sýningin er opin frá 14.00 til 22.00 um helgar.

Fræðslufundur Skógræktarfél. Rvík.

Skógræktarfélag Reykjavíkur heldur fræðslufund sinn í Skógræktarstöðinni í Fossvogi sunnudaginn 2. maí kl. 14.00. Á dagskrá er: kynning á trjáplöntum og runnum, plöntuval í garða, ræktun og tilhögun gróðurs í sumarbústaðalönd, gróðursetning trjáa og runna, fært til tré, stoðir við tré, skýling trjáa og skjolgrindur og fleira.

Gítartónleikar á Flateyri

Gítarleikarinn Pétur Jónasson heldur tónleika á föstudaginn í héraðsskólanum Núpi kl. 21.00 og á Flateyri 1. maí kl. 16.00 í samkomusal Hjálms.

Alþýðuleikhúsið:

Síðustu sýningar á Don Kíkóta

Nú eru að verða síðustu forvöð að sjá sýningu Alþýðuleikhússins á Don Kíkóta. Næsta sýning verður á laugardaginn kl. 20.30. Leikarar eru: Arnar Jónsson, Bjarni Ingvarsson, Borgar Garðarsson, Eggert Þorleifsson, Guðmundur Ólafsson, Helga Jónsdóttir og Sif Ragnhildardóttir. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir.

Dansleikur til styrktar Alþýðuleikhúsinu verður haldinn 1. maí í Félagsstofnun stúdenta og verður hann frá kl. 22.00. Þar munu Grýlurnar leika fyrir dansi og Peysufatakór kvennaframboðsins syngur nokkur lög.

Þremur sýningum lýkur á Kjarvalsstöðum

Sýningu Huldu Sigurðardóttur í austurforsal Kjarvalsstaða á textilverkum lýkur á sunnudagskvöld. Hún er lærð í Skotlandi en þetta er hennar önnur einkasýning. Hún hefur og tekið þátt í samsýningum ytra. 46 verk eru á sýningunni. Þá lýkur á sunnudagskvöldið yfirlitssýningu á verkum Höskulds Björnssonar og einnig lýkur sýningu á ljósmyndum áhugaljósmyndara er kalla sig Hugmynd, á sunnudagskvöldið. Kjarvalsstaðir eru opnir frá kl. 14.00 til 22.00.

Tónleikar í Hafnarfjarðarkirkju

Kór Öldutúnsskóla heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju sunnudaginn 2. maí kl. 16.00. Á efnisskránni eru lög eftir innlenda og erlenda höfunda allt frá 16. öld til okkar daga, þar af eru þrjú þeirra frumflutt. Á tónleikunum koma fram um 100 nemendur, en kórinn starfar í þremur deildum. Eftir tónleikana verður kaffisala í Góðtemplarahúsinu.

Um miðjan maí heldur kórinn í tónleikaferð til Finnlands þar sem hann syngur á ýmsum stöðum og tekur m.a. þátt í alþjóðlegu kóramóti í Lahti auk þess að koma fram í útvarpi og sjónvarpi. Stjórnandi kórs Öldutúnsskóla er Egill Friðleifsson.



Kór Öldutúnsskóla.